

Fundargerð 776. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, fimmtudaginn 26. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Oddný Sturludóttir í forföllum Dags B. Eggertssonar, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 775. fundar - 1001001SA

Lögð fram fundargerð 775. fundar stjórnar sambandsins frá 25. júní 2010.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála - 0703106SA

Lagt fram samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010. Einnig lagt fram bréf sambandsins til fjármálaráðherra, dags. 6. júlí 2010, þar sem kynnt eru sjónarmið sambandsins í starfsmannamálum vegna tilflutnings á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Lagðar fram fundargerðir verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála frá 11. júní, 46. fundur, frá 29. júní, 47. fundur, og frá 13. ágúst, 48. fundur.

Formaður gerði nánari grein fyrir samkomulaginu við ríkisstjórnina um fjárhagsramma verkefnisins og aðdraganda þess.

Sigrún Björk Jakobsdóttir og Lúðvík Geirsson, fulltrúar sambandsins í verkefnisstjórn um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, gerðu nánari grein fyrir störfum verkefnisstjórnarinnar undanfarnar vikur og daga. Undirbúningur yfirfærslunnar gengur vel og góð sátt hefur ríkt innan verkefnisstjórnarinnar á síðustu vikum.

Stjórnin leggur áherslu á að heildarsamkomulag um yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga liggja fyrir um miðjan september nk. eins og stefnt hefur verið að.

3. Landsþing 2010 - 0709262SA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá landsþings 2010 ásamt yfirliti yfir umræðuhópa og umfjöllunarefni þeirra.

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá dagskrá landsþingsins á grundvelli þeirra umræðna sem fram fóru á fundinum.

4. Endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs - 1008005SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. ágúst, ásamt skýrslu með niðurstöðum starfshóps sem falið var að skoða í heild regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í bréfinu kemur fram að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að nú þegar verði hafin vinna við innleiðingu á tillögum starfshópsins sem fall undir valkost 1 og valkost 2 í niðurstöðum endurskoðunarnefndarinnar. Þessar tillögur fela í sér nauðsynlegar breytingar á núgildandi reglum um jöfnunarsjóð og innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlag sjóðsins í sinni núverandi mynd er lagt niður. Stefnt er að því að breytingarnar taki gildi 1. janúar 2011.

Þá er einnig fjallað í bréfinu um tillögur sem falla undir valkost 3 en þær fela í sér grundvallarbreytingar á núverandi jöfnunarkerfi. Í því sambandi hefur ráðherra ákveðið að skipa vinnuhóp til að útfæra nánar nákvæmt upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldaþátta sveitarfélaga, en endurskoðunarnefndin telur þær útgjaldamælingar grundvöll þess að valkostur 3 nái fram að ganga. Óskað er eftir því að sambandið tilnefni einn fulltrúa í framangreindan vinnuhóp.

Einnig voru lögð fram bréf Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, dags. 28. júlí 2010, þar sem óskað er eftir því að sambandið og sveitarstjórnarráðherra láti skoða sérstaklega hver fjárhagsleg áhrif væntanlegra breytinga á jöfnunarsjóðnum verða á einstök sveitarfélög á Austurlandi, og Vopnafjarðarhrepps, dags. 7. júlí 2010, þar sem lögð er áhersla á að áhrif væntanlegra breytinga á framlögum jöfnunarsjóðs á einstök sveitarfélög verði kynnt á fundum í landshlutunum áður en farið verður að vinna eftir hugmyndum endurskoðunarnefndarinnar.

Samþykkt var að tilnefna Kristinn Jónasson, bæjarstjóra í Snæfellsbæ, sem aðalmann í nefndina og til vara Valgerði Freyju Ágústsdóttur, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði sambandsins. Vegna þekkingar Kristins á þessu sviði er það talin gild, hlutlæg ástæða til þess að tilnefna aðeins einn aðila, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Framkvæmdastjóra var falið að afla upplýsinga og svara erindum Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og Vopnafjarðarhrepps þegar þær liggja fyrir.

5. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 55. fundar skólamálanefndar frá 10. ágúst 2010 ásamt gögnum um viðmiðunarreglur sambandsins um greiðslur vegna skólavistar í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu á breytingum á viðmiðunarreglum sambandsins um greiðslur vegna skólavistar í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags til næsta fundar.

6. Fundargerð skipulagsmálanefndar - 0910016SA

Lögð fram fundargerð 2. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 18. ágúst 2010.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir bókunum skipulagsmálanefndar undir 3. og 4. tölulið fundargerðarinnar. Annars vegar er um að ræða bókun um tengsl vegalaga og skipulagslaga sem er svohljóðandi:

„Skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga telur nýlega ákvörðun umhverfisráðuneytisins um staðfestingu á aðalskipulagstillögu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð vera verulegt áhyggjuefni fyrir sveitarfélög um land allt. Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur fram, með vísan til 2. mgr. 28. gr. vegalaga, að afstaða Vegagerðarinnar standi í vegi fyrir því að fyrirliggjandi aðalskipulagstillaga hljóti staðfestingu hvað varðar vegstæði þjóðvegur 1.

Að áliti skipulagsmálanefndar er brýnt að hefja nú þegar endurskoðun vegalaga, nr. 80/2007, í ljósi fenginnar reynslu og með þátttöku sveitarfélaga og annarra stjórnvalda á sviði skipulagsmála. Markmið endurskoðunarinnar verði m.a. að tryggja betur en gert er í gildandi löggjöf virka samvinnu sveitarfélaga og Vegagerðarinnar í skipulags- og umferðaröryggismálum. Í því sambandi telur skipulagsmálanefnd að það orki mjög tvímælis hve sterka stöðu Vegagerðin hefur skv. 2. mgr. 28. gr. laganna þar sem forræði skipulagsmála liggur lögum samkvæmt hjá sveitarfélögum.“

Hins vegar er um að ræða bókun um frumvörp til skipulagslaga og laga um mannvirki og er hún svohljóðandi:

„Skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á nauðsyn þess að frumvörp til skipulagslaga og laga um mannvirki fái vandaða afgreiðslu á Alþingi. Nefndin minnir á að framkvæmd löggjafarinnar verður að langstærstum hluta á ábyrgð sveitarfélaga og er því brýnt að tekið verði tillit til þeirra fjölmörgu athugasemda og breytingartillagna sem einstök sveitarfélög, sambandið og landshlutasamtök hafa gert við frumvörpin.

Ef ekki reynist unnt að afgreiða frumvörpin á yfirstandandi þingi telur nefndin eðlilegt að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á frumvörpunum í samráði við fulltrúa sveitarfélaga áður en þau verða lögð fram að nýju.“

Stjórnin gerði ekki athugasemdir við bókannirnar.

7. Fundargerð félagsþjónustunefndar - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 4. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 16. ágúst 2010.

8. Skipun sameiginlegrar ráðgjafanefndar milli Íslands og Héraðanefndar ESB - 0909003SA

Lagt fram minnisblað, frá sviðsstjóra alþjóða- og þróunarsviðs sambandsins, dags. 23. ágúst 2010, um skipun sameiginlegrar ráðgjafanefndar Íslands og Héraðanefndar ESB til að undurbúa þátttöku íslenskra sveitarstjórnarmanna í starfi Héraðanefndarinnar.

Samþykkt var að senda erindi til utanríkisráðuneytisins og óska eftir því að framangreind ráðgjafarnefnd verði sett á laggirnar.

Porleifur Gunnlaugsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

9. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 0906039SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði grein fyrir starfi

nefndar sem vinnur að endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Ekki voru tök á því að leggja fram á fundinum drög að frumvarpi en þess er vænst að þau verði lögð fram á næstu dögum. Hugsanlega þarf að boða til aukafundar í stjórn sambandsins til þess að fjalla um frumvarpsdrögin áður en þau verða kynnt opinberlega.

10. Tillaga að breytingum á lögum sambandsins - 0709262SA

Lögð fram tillaga, dags. 24. ágúst 2010, að breytingum á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem lögð yrði fyrir næsta landsþing sambandsins þar sem meginbreytingin felst í því að Launanefnd sveitarfélaga er lögð niður og forsvar sveitarfélaganna í kjaramálum fært til stjórnar sambandsins. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 24. ágúst 2010, frá framkvæmdastjóra sambandsins um breytt fyrirkomulag á þjónustu sambandsins við sveitarfélögin á sviði kjaramála.

Samþykkt var að leggja lagabreytingatillögurnar fyrir landsþing sambandsins í september nk. og var Gunnari Einarssyni og Elínu R. Líndal falið að gera grein fyrir þeim á landsþinginu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir vék af fundi kl. 14:10 og Elín R. Líndal kl. 14:20.

11. Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti - 0911007SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 22. júlí 2010, með svörum og greinargerð um íþróttá- og æskulýðsmál sem framkvæmdastjóri sambandsins hafði óskað eftir á síðastliðnu ári.

Samþykkt var að senda upplýsingarnar til allra sveitarfélaga og til Félags íþróttá, æskulýðs- og tómstundafulltrúa sveitarfélaga (FLÆT) og formanni og framkvæmdastjóra jafnframt falið að funda með forsvarsmönnum félagsins.

12. Tilnefning í nefnd til að gera úttekt á þeim lögum og reglum, sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni. - 1007013SA

Lagt fram bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 8. júlí 2010, þar sem óskað er tilnefningar í nefnd til að gera úttekt á þeim lögum og reglum, sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Eyrúnu Ingibjörgu Sigbórsdóttur, oddvita Tálknafjarðarhrepps, eða Aðalstein Óskarsson, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verður varamaður hins.

13. Tilnefning í ráðgjafanefnd um málefni almenningsbókasafna - 1006026SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í ráðgjafarnefnd um almenningsbókasöfn.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Hafstein Karlsson, bæjarfulltrúa í Kópavogsbæ, eða Ásthildi E. Erlingsdóttur, bæjarfulltrúa í Grundarfjarðarbæ, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verður varamaður hins.

14. Skipun í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, LSS - 1008001SA

Lagt fram bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 13. júlí 2010, þar sem óskað er skipunar þriggja fulltrúa sambandsins í stjórn lífeyrissjóðsins og jafnmargra til vara.

Samþykkt var að skipa sem aðalmenn Karl Björnsson, framkvæmdastjóra sambandsins, Gerði Guðjónsdóttur, fjármálastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar, og Kristbjörgu Stephensen, borgarlögmann í Reykjavík, og til vara Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur, lögfræðing á kjarasviði sambandsins, Höllu Margréti Tryggvadóttur, starfsmannastjóra Akureyrarkaupstaðar, og Birgi Björn Sigurjónsson, fjármálastjóra Reykjavíkurborgar.

15. Samstarf um Staðardagskrá 2010 - 1003047SA

Lögð fram lokaskýrsla um samstarfsverkefni sambandsins og umhverfisráðuneytisins um Staðardagskrá21.

16. Úthlutunarnefnd Vinnumálastofnunar - 1006025SA

Lagt fram til kynningar bréf Vinnumálastofnunar, dags. 24. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á sameiginlegum fulltrúa sambandsins og fjármálaráðuneytisins í úthlutunarnefnd stofnunarinnar. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 2. júlí 2010, þar sem tilkynnt er að sambandið og ráðuneytið hafi komið sér saman um tilnefna Gunnar Eydal hrl. í nefndina og tengiliður hans verði Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins.

17. Tilnefning í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála - 1006024SA

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 16. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa og öðrum til vara í úrskurðarnefnd félagsþjónustu. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 2. júlí 2010, þar sem tilkynnt er tilnefning Gunnars Eydal hrl. eða Ingu Þallar Þórgnýsdóttur, bæjarlögmanns í Akureyrarkaupstað í nefndina.

18. Tilnefning í nefnd vegna náttúruhamfara - 1006027SA

Lagt fram til kynningar bréf forsætisráðuneytisins, dags. 22. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu í nefnd sem á að gera tillögur sem miði að því að tjónþolar í náttúruhamförum fái bætur samkvæmt föstum verklagsreglum og ríkissjóður standi ekki frammi fyrir óvæntum og stórfelldum útgjöldum eins og raunin hefur verið. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 19. ágúst 2010, þar sem tilkynnt er tilnefning Herdísar Sigurjónsdóttur, umhverfis- og auðlindasérfræðings, í nefndina.

19. Annar áfangi rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma - 0706184SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 12. ágúst 2010, um frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, 660. mál.

20. Frumvarp um breytingar á lögum um fjármál stjórnmalaflokka - 1006020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 25. júní 2010, um frumvarp til laga um stjórnmalaflokka, 597. mál.

21. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 13. ágúst 2010, um frumvarp til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands, 658. mál.

Næsti fundur er ráðgerður miðvikudaginn 29. september kl. 13:00 á Akureyri.

Fundi var slitið kl. 14:30.

Halldór Halldórsson

Porleifur Gunnlaugsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Oddný Sturludóttir

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Línal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari